

Til utanríkismálanefndar Alþingis.

Umsögn um þingskjal 20 - 20. mál, 144 löggjafarþing

Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að NATO

Stjórnarskrárfélagið er fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslum um stór og umdeild mál. Fá mál á lýðveldistímanum hafa verið umdeildari en aðildin að NATO og því er augljóslega um slíkt mál að ræða.

Á hinn bóginn er nú sú sérkennilega staða uppi að afgerandi niðurstöður úr síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu frá 20. október 2012 um tillögur að nýju stjórnarskrárfrumvarpi hafa hingað til verið virtar að vettugi. Alþingi boðaði sjálft til þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu samkv. lögum nr. 91/2010. Fram kemur í fyrstu grein þeirra laga að slík atkvæðagreiðsla sé ráðgefandi. Í athugasemdum við 1. gr. kemur fram að breyta þurfi stjórnarskránni til þess að niðurstaðan yrði stjórnskipulega bindandi fyrir Alþingi. Þó yrðu kjörnir fulltrúar að taka tillit til niðurstöðunnar því að þar lægi mikilvæg vísbending um þjóðarvilja varðandi tiltekið málefni. Niðurstaðan myndi því hafa pólitískt skuldbindingargildi.

Fjölmarginir alþingismenn hafa ekki talið sig bundna af niðurstöðum síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu og hafa þannig markað nýja stefnu í lýðræðismálum á Vesturlöndum. Óhætt er að fullyrða að slíkt hafi ekki tíðkast í sambærilegum atkvæðagreiðslum, hvorki á Íslandi né á öðrum Norðurlöndum. Því verður að líta svo á að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur séu við núverandi aðstæður lítils virði og óvíst um hvort að þorri fólks muni taka þátt í þeim.

Stjórnarskrárfélagið lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri þróun að niðurstöður kosninga um tiltekin mál séu dregnar í efa eða (rang)túlkaðar af stjórnsmálaflokkum og fulltrúum þeirra á Alþingi. Hætta er á að tiltrú og þátttaka kjósenda minnki enn frekar en orðið er og að það ýti undir þá tilhneigingu að virða niðurstöður lýðræðislegra kosninga að vettugi. Stjórnarskrárfélagið hvetur því alþingismenn eindregið til að staðfesta þær breytingar á stjórnarskránni sem kjósendur veittu brautargengi 20. október 2014 áður en lengra er haldið. Enginn vafi má leika á því að farið verði eftir niðurstöðum lögmætrar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Reykjavík 26. nóvember 2014.

F. h. Stjórnarskrárfélagsins.

Sigurður H. Sigurðsson.